

Ritgerð (20%)

Nemendur skrifa ritgerð um efni tengt öldrun og öldrunarhjúkrun.

Efnishugmynd kemur frá ykkur sjálfum en hér fyrir neðan eru tillögur að efni.

Atriði sem hafa ber í huga:

- Ritgerðin skal vera 1150-1250 orð að lengd (u.þ.b. 5 bls).
- Hafa skal Times New Roman letur í stærð 12 og 1,5 línubil.
- Uppbyggingin skal vera svona: fyrst kemur inngangur en þar leiðið þið lesandann í því hvað þið ætlið að skrifa um. Því næst er meginmál og það er lengsti parturinn og þar koma heimildir fram. Því næst lokaorð og svo heimildarskrá (á sér síðu).
- Styðjast skal við APA kerfið í uppsetningu heimilda. Þið getið stuðst við ritver HÍ eða leiðbeiningar á síðu HR um APA kerfið, uppsetningu og vinnslu heimilda. <https://bokasafn.ru.is/apa> og <https://ritver.hi.is/is/apa>
- **Heimildir eiga að vera a.m.k. fimm (þar af ein ritrýnd).** Ekki nota heimildir eins og doktor.is og þessháttar upplýsingasíður.
- Munið að heimildir koma aldrei fram í inngangi og lokaorðum. Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal gæti hjálpað ykkur hér.
- Ritgerðinni skal skilað á moodle **fyrir miðnætti þann 22. apríl.** Munið að það dregst frá um hálfan fram yfir hvern skiladag og það verður að skila ritgerð til að ná áfanganum.
- Texti ritgerðar skal vera ykkar. Styðjast má við aðstoð gervigreindar eins og aðstoð einstaklinga (s.s. vina og samnemanda). Þ.e.a.s. hún má hjálpa við uppsetningu, hugmyndavinnu o.s.frv. en hún má alls ekki skrifa fyrir ykkur textann. Ritstuldur er með öllu óheimill og gefur ykkur 0 í einkunn.

Hér eru dæmi um ritgerðarefni:

- ✓ Þvagleki aldraðra
- ✓ Staða aldraðra í samfélaginu
- ✓ Að eldast
- ✓ Heilabilun aldraðra
- ✓ Beinþynning aldraðra
- ✓ Slys á öldruðum
- ✓ Lyfjanotkun aldraðra
- ✓ Úrræði fyrir aldraðan einstakling
- ✓ Líkamlegar breytingar hjá öldruðum
- ✓ Heimþjónusta
- ✓ Sorg og sorgarferli aldraðra
- ✓ Er eftirlaunaaldurinn of lágur?
- ✓ Mataræði aldraðra
- ✓ Vistun á stofnun
- ✓ Kynlíf aldraðra
- ✓ Ofbeldi á öldruðum
- ✓ Hagir aldraðra
- ✓ Öldrunarkenningar

Matskvarði sjá næstu síðu.

Notaður verður eftirfarandi matskvarði við mat á ritgerðinni.

| <i>Matsþættir:</i> | Möguleg stig | 1 | 2 | 3 | 4 | Mat |
|--|---------------------|----------|----------|----------|----------|--------------|
| Fræðileg samantekt og uppbygging ritgerðar | 40 | 0–10 | 11–20 | 21–30 | 31–40 | |
| Notkun heimilda og tilvísana | 25 | 0–6 | 7–11 | 12–19 | 20–25 | |
| Val á heimildum | 15 | 0 | 1–6 | 7–12 | 13–15 | |
| Frágangur | 10 | 0 | 1–5 | 6–8 | 9–10 | |
| Málfar, framsetning og heimildaskrá | 10 | 0 | 1–5 | 6–8 | 9–10 | |
| | 100 | | | | | Heild |